

En vér þurfum eigi að búa slíka sögu til; mannkynssagan sjálf úir og grúir af slíkum dæmum. Tökum meðal annars eitt úr miðöldunum, þegar Norðurálfubúar reka sig fyrst á Márana, er þá stóðu á ólíkt hærra menntunarstigi en þeir, einkum hvað náttúruvísindi snerti. Þeir álitu þá fulla fjölkyngis og fjandakraftar. En síðar ganga þeir í skóla hjá þeim. Miðaldaspek-ingarnir eru að mestu leyti menn, er numið höfðu í háskólum Máranna á Spáni, þar sem aðalból vísindanna þá um langt skeið var, en er svo þessir menn aftur hverfa heim í sína átthaga, þá er það, sem þeir flytja með sér, í augum þorra manna þar töfrar einir og fjölkyngi.

Lærðu mennirnir sjálfir nefndu og einatt vísindi sín hina „náttúrlegu fjölkyngi“, og voru þau í raun og veru ekkert annað en það sem nú á dögum nefnist náttúruvísí, því að þau voru byggð á þeirri þekkingu á lögum náttúrunnar, er þá var til, en sem þá var líka mjög í molum og næsta ófullkomin.

Sjálfir töfraspekingar miðaldanna skrifa um fræði sína á þessa leið: „Vér höfum vissa þekkingu á leyndardómum náttúrunnar, fyrir hverja vér erum færir um að framleiða vissar verkanir ýmsra hluta, er þeim, sem orsökunum eru alls ókunnugir, virðast yfirnáttúrlegar eða beint kraftaverk.“ Hér er þá hreint og beint sagt, að það, sem er eðlilegt fyrir kunnáttumanninum, er hinum fáfróða töfrar og fjölkyngi.

Dæmi upp á þetta úr sögu vor Íslendinga eru frásagnirnar um Sæmund hinn fróða Sigfússon, er lærði suður á Frakklandi, að sögn í París, allt er þá varð numið í náttúruvísindum. Þegar hann kom heim aftur, þótti hann fjölkunnugur, svo að sögurnar um brögð hans við Kölska o. s. frv. hafa geymst óafmáanlegar á síðan í hugum manna allt fram að þessum tíma.

Mörg eru þess sorgleg dæmi, að hin allra einföldustu og eðlilegustu atvik í mannlegu lífi voru á sínum tíma skoðuð sem fjölkyngi og mök við djöfulinn og hans illu ára. Gamalli konu verður það á, að hún fer ekki venjulega leið, heldur skemmstu leið yfir völl og haga,— í sannleika hversdagslegur viðburður;— en sú var tíðin, ekki lengra síðan en fyrir tæpum 3 öldum, að þessu atviki gat fylgt hreinn lífsháski. Bæri svo undir, að skepnur, hestar eða naut, sýktust, er þar voru á beit, þá var það